

Verklag í Brimveri/Æskukoti vegna barnaverndarmála


Foreldrar barns eru í flestum tilvikum látnir vita af tilkynningu sem fer frá leikskóla. Undantekning á því er ef barn er talið vera í hættu í umsjá foreldra og það er talið þjóna hagsmunum barnsins að foreldri viti ekki af tilkynningu í bili.

Þegar foreldrum er gert viðvart áður en beiðni um aðstoð eða til tilkynningar kemur

Foreldrar eru boðaðir í viðtal með fulltrúum leikskólans þar sem farið er yfir áhyggjuefni og leitað leiða til samvinnu og umbóta. Þessi fundur er skráður og ákvarðanir teknar um umbætur, þjargir og tímamörk. Á næsta fundi sem einnig er skráður er staðan metin og ákvörðun um framhaldið tekin, ef málin eru enn þannig að starfsmenn leikskólans hafa áhyggjur af velferð barns, aðbúnaði eða þroska eru foreldrar látnir vita að tilkynning fari frá leikskólanum til barnaverndar. Þetta ferli á að vera skráð og foreldrar vel upplýstir. Hvert mál er einstakt og fjöldi funda getur verið misjafn.

Foreldrum er ekki tilkynnt ef barn sem talið er í hættu í umsjá foreldra og það er talið þjóna hagsmunum barnsins að foreldri viti ekki af tilkynningu í bili.

Gerð er skráning á því sem gerðist sem er þess valdandi að tilkynnt er til barnaverndar. Eftir tilkynningu er málið í höndum barnaverndar og er unnið eftir lögum um barnavernd.



Barnavernd

Barnaverndarstarfsmenn Árborgar starfa í umboði barnaverndarnefndar. Í barnavernd er unnið eftir barnaverndarlögum nr. 80/2002. Markmið barnaverndarlaga er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Það er því hlutverk barnaverndar að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að séu barni fyrir bestu. Tilkynning til barnaverndaryfirvalda er ekki kæra heldur beiðni um aðstoð fyrir viðkomandi barn/fjölskyldu, sem sá sem tilkynnir telur að þurfi aðstoð. Sjá; [hér](#). ([Sveitarfélagið Árborg. Barnavernd](#)).

IV. kafli. Tilkynningarskylda og aðrar skyldur við barnaverndaryfirvöld.

16. gr. Tilkynningarskylda almennings.

- Hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.
- Annars er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik sem telja má að hún eigi að láta sig varða.

17. gr. Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum.

- Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.
- Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.
- Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framár ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta ([Lög um barnavernd 80/2002](#))

Eftirfarandi atriði þarf að hafa í huga þegar metið er hvort tilkynna eigi um aðstæður barns eða unglings:

- ✓ Líkamleg og andleg vanræksla (þörfum barns ekki sinnt).
- ✓ Líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi á heimili (þ.m.t. börn sem verða vitni að ofbeldi í fjölskyldunni).
- ✓ Ung börn eru skilin eftir gæslulaus eða í umsjá annarra barna.
- ✓ Eldri börn eru skilin eftir langtímum saman og þurfa að sjá um sig sjálf.
- ✓ Léleg skólasókn.
- ✓ Börn beita ofbeldi og fremja afbrot.
- ✓ Foreldrar fara ekki með börn til læknis eða á heilsugæsluna þó að þörf sé á því.
- ✓ Há tíðni smáslysa sem auðveldlega hefði verið hægt að koma í veg fyrir.
- ✓ Endurteknir áverkar sem barnið á erfitt með að útskýra.
- ✓ Vannæring.
- ✓ Lélegur fatnaður sem hentar illa aðstæðum.
- ✓ Vímuefnaneysla foreldra.

Ef um ungling er að ræða er mikilvægt að hafa eftirfarandi atriði í huga:

- ✓ Áfengis- og vímuefnaneysla.
- ✓ Léleg skólasókn.
- ✓ Endurtekin afbrot.
- ✓ Ofbeldishegðun.
- ✓ Þunglyndi, geðröskun og sjálfsvígshugleiðingar.

Verklagsreglur um tilkynningaskyldu skóla- og heilbrigðisstarfsfólks til barnaverndarnefnda vegna gruns um vanrækslu og/eða ofbeldi gagnvart barni, barn stofni eigin lífi i hættu eða lífi eða heilsu ófædds barns sé stefnt í hættu sjá [hér](#) og í viðauka (Barnaverndarstofa).